

Foreldraráð Núps - fundargerð

Fundur nr.: 2, skólaárið 2019/2020.

Staður: Núpaland 3

Dagsetning: 4. desember 2019

Tími kl. 15:30-16:30

Fundarritari: Þórhalla

Mættir: Svana Kristinsdóttir (s), Anna Jóna (f) Þórhalla Rein (f) Hólmfríður Óskarsdóttir(s) og Árdís (f).

Það sem kom fram:

1. Leikskólastjóri tilkynnti um að starfsáætlunin hafði verið samþykkt. Foreldraráð las yfir, gerði athugasemdir og gaf umsögn um hana.
2. Umræður um þau atriði sem foreldraráð vill bætur á. Betri hljóðvist á leikskólanum, skólalóðina og bílastæðamál. Þessi mál eru í ferli.
3. Á deildarstjórafundi kom fram sú ósk að breyta fyrirkomulagi á viðburðum í leikskólanum þannig að færri viðburðir eru haldnir í matsalnum og fleiri inn á deildum, t.d. karladagur, kvennadagur og piparkökumálun. Þessum dögum hefur fylgt mikill burður á húsgögnum. Foreldraráð samþykkir tillöguna um að breyta því að þessir viðburðir fara fram inn á deildum næsta skólaár.
4. Umræður um frjálst flæði í matartíma og þátttökuáðlögun. Hver leikskóli í Kópavogi ákveður sína starfshætti miðað við aðstæður, húsnæði og fleira. Leikskólarnir deila reynslu sinni og læra af hver öðrum.
5. Svana tilkynnti um starfsmannabreytingar um áramótin og í janúar.
6. Næsti fundur fer fram miðvikudaginn 5. febrúar.